

öll greidd innan ákveðins tíma. Framan-
greind meidandi orð og ummæli eiga að
vera dauð og ómerk. Stefndi greiði áfrýj-
anda Halldóri prófasti Bjarnarsyni í máls-
kostnað fyrir báðum réttum 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8
vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri að-
för að lögum.

Mánudaginn 19. marzmánaðar.

Nr. 6/1900:

Einar Zoëga

gegn

bæjarfógetanum í Reykjavík

Halldóri Danielssyni

fyrir hönd landssjóðsins.

D ó m u r :

Hinn 10. janúar þ. á. krafði hinn stefndi
bæjarfógeti í Reykjavík áfrýjandann Einar Zoëga,
veitingamann sama staðar, um árgjald til lands-
sjóðs, fyrir veitingasölu samkvæmt 6. gr. í lögum
nr. 26, 11. nóv. f. á., um verzlun og veitingar
áfengra drykkja á Íslandi, 300 krónur, og með
því að áfrýjandinn skoraðist undan að greiða
gjaldið, tók fógetinn lögtaki hjá honum samstund-
is til lúkningar gjaldinu og kostnaði við lögtakið
ýmsa lausafjarmuni, er virtir voru samtals 305
kr. Þessari lögtaksgjörð hefir áfrýjandinn skotið
til yfirdómsins með stefnu, dags. 23. jan. þ. á., og
hefir hann krafist þess fyrir yfirdóminum, að yfir-

dómararnir Kristján Jónsson og Jón Jensson viki dómarasæti í málinu við dæmingu þess, þar sem þeir hafi setið á þingi og unnið þar að samningu fyrgreindra laga 11. nóv. f. á., að hann verði sýknaður af kærnum og kröfum hins stefnda í málinu, og að lögtakskostnaður og málskostnaður fyrir yfirdóminum verði greiddur af almannafé. Hinn stefndi bæjarfógeti krafðist þess aftur á móti, að fógetagjörðin væri staðfest og áfrýjandi dæmdur í hæfilegan málskostnað.

Það þykir eigi vera nein ástæða til þess að yfirdómarnir Kristján Jónsson og Jón Jensson viki úr dómarasæti í máli þessu fyrir það, þótt þeir sem alþingismenn hafi tekið þátt í samþykkt laganna 11. nóv. f. á., enda hafa þeir ekki þar látið uppi neitt álit um spurningu þá, sem mál þetta veltur á.

Áfrýjandinn hefir bygt undanfærslu sína að greiða umrætt gjald á því, að eins og löggjafarvaldið eigi hefði getað svipt sig rétti til að reka áfram atvinnu sem veitingasali, sem hann hafi verið búinn að öðlast rétt til með veitingaleyfi og rekið um undanfarin ár, eins hafi því verið óheimilt að leggja greint gjald á atvinnu sína og gjöra sér með því ómögulegt að reka hana áfram, og að fyrnefnd lög 11. nóv. f. á. svifti hann borgaralegu jafnrétti, með því að leggja gjald einungis á þá atvinnu, er hann reki, og komi þannig í bága við 51. gr. stjórnarskrárinnar. Þessar ástæður áfrýjandans eru þó eigi á rökum byggðar, og í

stjórnarskránni eru, hvorki í 51. gr. eða annarsstaðar nein ákvæði, er séu því til fyrirstöðu, að með lögum sé lagður skattur eða árlegt gjald, eins og það er hér um ræðir, á tiltekna atvinnu í landinu, eins og veitingasöluna, er hér er spurningin um. Gildi laganna 11. nóv. f. á. verður því eigi vefengt í þessu efni; og þar sem áfrýjandinn hefir rekið atvinnu sem veitingamaður um undanfarinn tíma og eigi afsalað sér rétti sínum til þessarar atvinnu með yfirlýsingu samkvæmt 9. gr. laganna, þá var hann samkvæmt 6. gr. sbr. 1. gr. þeirra réttilega krafinn um árgjald til landssjóðs af veitingasölnunni. Það ber því að staðfesta hina áfrýjuðu lögtaksgjörð. Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandinn greiði stefnda í málskostnað fyrir yfirdómi 8 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hið áfrýjaða lögtak á að vera óraskað. Áfrýjandinn Einar Zoëga greiði stefnda bæjarfógeta Halldóri Danielssyni fyrir hönd landssjóðs 8 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtning dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.